



Alþingi
Erindi nr. P 138/518
komudagur 9.12.2009

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Nefndasvið Alþingis
við Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 2. desember 2009

0911001SA
Málalykill: 401

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um dómstóla

Vísað er til tölvupósts nefndasviðs Alþingis, vegna allsherjarnefndar, dags. 12. nóvember s.l. þar sem óskað er umsagnar sambandsins um frumvarp til laga um breytingu á lögum um dómstóla (100. mál).

Af greinargerð sem fylgir frumvarpinu má ráða að ekki sé stefnt að sparnaði svo heitið geti með þeim breytingum sem gerð er tillaga um. Þetta var staðfest við fyrstu umræðu um frumvarpið þann 3. nóvember s.l. Efnisatriði sem fram komu við umræðuna benda ennfremur til að frumvarpinu sé einkum ætlað að skapa möguleika til hagræðingar þar á meðal með fækkun starfsstöðva og þingháa. Er ráðgert að það verði dómstólaráð sem taki ákvarðanir um að hvort og þá með hvaða hætti þessir möguleikar verði nýttir.

Af hálfu sambandsins er tekið undir þau sjónarmið sem fram komu við fyrstu umræðu um frumvarpið, að ástæða sé til þess að fara með fyllstu gát þegar breytingar eru gerðar á fyrirkomulagi dómstólanna. Breytingar af þeim toga sem nefndar eru geta m.a. haft áhrif á framboð lögmannsþjónustu, sem áriðandi er, út frá réttaröryggissjónarmiði, að verði veitt með tryggilegum hætti í héraði.

Enda þótt óhjákvæmilegt sé við núverandi aðstæður í ríkisfjármálum að hagræða í opinberum rekstri er mikilvægt að löggjafinn gangi úr skugga um það, áður en hann gefur svo víðtækt svigrúm til breytinga sem frumvarpið ber með sér, að raunveruleg hagræðing muni fylgja ákvörðunum af þessum toga. Áform um fækkun starfsstöðva og þingháa vekja áhyggjur af því hvernig þjónusta verður háttáð í þeim umdæmum sem verða fyrir slíkri breytingu. Lögð er áhersla á að hagræðingaraðgerðir bitni ekki harðar á landsbyggðinni heldur en höfuðborgarsvæðinu og að á landsbyggðinni bjóðist áfram störf fyrir fólk með háskólamenntun.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson
framkvæmdastjóri